
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað 1985

9. árgangur.

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í
Átthagasal Hótel Sögu, sunnudaginn 3.
febrúar 1985, kl. 15.00 stundvíslega.

Dagskrá: Sólarkaffi úr "stórum bollum"
og meðlæti á hlaðborði m.a.
afmælisterta af stærri gerðinni.
Samleikur á hljóðfæri: Harpa
Birgisdóttir og Ingibjörg Lárus-
dóttir.

Mætum öll, stór og smá.

Viðtakandi: *o*

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. desember s.l. að Hótel Sögu, Áttahagsal. Fundurinn var vel sóttur og ríkti þar heilmikil jólastemning, enda öll borð prýdd með jólastjörnum og jólaljós loguðu á hverju borði.

Þær breytingar urðu á stjórn félagsins, að Jón Karlsson sem verið hefur ötull formaður félagsins undanfarin þrjú ár, lét af formennsku. Auk Jóns gekk Sigrún Þorsteinsdóttir úr stjórninni að þessu sinni. Þeim eru hér með þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins. Í stað þeirra voru kosnar þær Ólöf Hannesdóttir og Sigurborg Sigurjónsdóttir og eru þær boðnar velkomnar til starfa. Elsa Christensen, sem áður var ritari félagsins, færðist í formannssætið. Auk framan- greindra skipa stjórnina Gígja Guðjónsdóttir, Jón Guðmundsson, Pálmar Magnússon og Sigþór Sigurjónsson. Einhver kynni að orða það þannig, að hlutfall kynjanna í sjö manna stjórn félagsins gæti tæpast verið réttlátara miðað við tíðarandann.

Ymislegt var til skemmtunar á aðalfundinum s.s. myndasýning og einsöngur að ógleymdu, óvæntu skemmtiatriði, sem Sigurjón Ingvarsson lumaði á, en það voru nokkrar gátur, sem hann lagði fyrir fundarmenn og hlaut sú uppákomu mjög góðar undirtektir.

Að venju voru til sölu á fundinum jólakort til fjáröflunar safnaðarheimilis kirkjunnar okkar heima og seldust þau upp.

Athygli skal vakin á því að Árshátíð félagsins verður haldin föstudaginn 8. marz n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal, en ekki þann 30. marz n.k. eins og getið var í síðasta fréttabréfi.

Stjórn félagsins mun sjá um að vandað verði til allrar dagskrár- og skemmtiatriða og vonast til þess að sem flestir Norðfirðingar sjái sér fært að mæta og eiga saman skemmtilega kvöldstund.

Norðfirðingur mun greina nánar frá dagskrá árshátíðarinnar þegar þar að kemur.

Þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld eru hér með eindregið hvattir til þess að greiða þau hið fyrsta.

Stjórn félagsins hefur verið beðin um að koma því á framfæri, að samúðarkort Fjórðungssjúkrahússins heima verði framvegis til sölu hjá Ingunni Stefánsdóttur í Handraðanum, Austurstræti 8, Reykjavík.

Okkar ágæti félagi og fyrrverandi formaður Norðfirðingafélagsins, Jón Karlsson, verður fimmtugur 26. febrúar n.k. Í tilefni af því ætlar hann að bjóða öllum sem mæta á sólarkaffið upp á rjómatertu.

Að endingu hvetjum við alla félaga stóra og smáa til þess að mæta á "Sólarkaffið" þann 3. febrúar n.k.

Að undanfögnu hafa mætt 200-250 manns. Gaman væri að geta slegið það met.

Mætum öll, stór og smá.

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4,
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen.